

Árskógarskóli

Stefna skólans

Árskógarskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 og menntastefnu Dalvíkurbyggðar. Einkunnarorð skólans eru: Gleði – virðing – þrautseigja.

Árskógarskóli er fyrir börn frá 12 mánaða aldri til 6. bekkjar grunnskóla og er athvarf nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli á leik- og grunnskólastigi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum í leik, námi og starfi.

Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið í þeim síbreytilega heimi sem við búum við í dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.

Jákvæður skólabragur

Í Árskógarskóla er stuðlað að jákvæðum skólabrag þar sem starfsmenn og nemendur vinna með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. **Gleði:** Við búum til jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur upplifa öryggi, forvitni og árangur. Við hrósum markvisst, fögnum framförum og gerum árangur hvers nemanda sýnilegan. Við nýtum fjölbreyttar kennsluaðferðir, hreyfingu og skapandi verkefni til að auka áhuga og ánægju í námi. Við ræðum styrkleika nemenda og leyfum þeim að hafa rödd og val í námi. **Virðing:** Við sýnum kurteisi og hlustum af athygli á sjónarmið nemenda, foreldra og samstarfsfólks. Við kennum og æfum samskiptafærni, ágreiningslausnir og jákvæða orðræðu í daglegu starfi. Við tryggjum að allir fái að tilheyrja; mætum fjölbreyttum þörfum og aðlögunum kennslu eftir getu og aðstæðum. Við virðum reglur skólans, umgöngumst eigur, rými og umhverfi af ábyrgð. **Þrautseigja:** Við setjum skýr, raunhæf markmið og fylgjumst með framförum með reglulegri endurgjöf. Við kennum að takast á við áskoranir með seiglu: prófum, reynum aftur og lærum af mistökum. Við bútum verkefni niður í viðráðanleg skref og fögnum litlum sigrum á leiðinni. Við styrkjum sjálfstjórn og vinnuvenjur: skipulag, einbeitingu, tímastjórnun og úthald.

Helstu verkefni og innra starf

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri grunnskóla stjórnar honum í umboði sveitarstjórnar. Skólastjóri kynnir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Leik- og grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, í hvetjandi námsumhverfi, í viðeigandi húsnæði, sem tekur mið að þörfum þeirra og almennri vellíðan.

Skólinn vinnur eftir menntastefnu Dalvíkurbyggðar *Í öllum börnum býr fjársjóður*. Stefnan leggur áherslu á samstarfsmenningu allra sem koma að menntun og þroska barna. Mikilvægt er að starfshættir einkennist af virðingu, jákvæðni og metnaði þannig að nemendur geti nýtt hæfileika sína í leik og starfi. Skólinn leggur áherslu á persónumiðað nám og í hverjum nemendahóp eru tveir árgangar með þrjá umsjónarkennara. Nám barna er samstarfsverkefni heimilis og skóla sem byggist á virðingu og trausti. Lögð er áhersla á vellíðan og gleði í leik og starfi. Árskógarskóli er teymiskennsluskóli og bera allir kennarar í teymi jafna ábyrgð á kennslu skipulagningu og ut anumhaldi nemenda. Unnið er að því að innleiða leiðsagnarnám þar sem nemendur eru meðvitaðir um stöðu sína í námi og hvert þeir stefna og fá leiðsögn sem hjálpar þeim að brúa bilið þar á milli. MSHA kemur að innleiðingu menntastefnu og stuðningi við breytta kennslu- og starfshætti skólans.

Árskógarskóli er símalaus skóli. Helstu kostir þess að hafa símalausan skóla eru betri einbeiting í kennslustundum og minni truflun. Dýpri námstenging, minni samanburður og minni samfélagsmiðlaþrýstingur, minni hætta á neteinelti og óviðeigandi deilingu efnis á skólatíma. Skýr mörk milli skólatíma og frítíma og meiri virkni í frímínútum. Allir nemendur hafa aðgang að ípad og tölvum í tölvuveri skólans.

Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum

- Samstarf við Háskólann á Akureyri um teymiskennslu og innleiðingu leiðsagnarnáms.
- Samstarf við leikskólann Krílakot um sameiginlega uppbrotsdaga leikskólanna og námskeið.
- Samstarf við kennara og stjórnendur Dalvíkurskóla varðandi kennsluáætlanir og heimsóknir nemenda sem færast yfir næsta vetur.
- Reglulega eru haldnar brunaæfingar með slökkviliði.
- Samstarf við Bókasafn Dalvíkurskóla og Bókasafn Dalvíkurbyggðar.
- Gott samstarf er við Félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar, Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og HSN Dalvík.
- Gott samstarf er við Heilsu- & sálfræðipjónustu Norðurlands.
- Samningur um að þroskaþjálfari og iðjuþjálfari Dalvíkurskóla komi í skólann eftir þörfum.

Helstu verkefni fjárhagsárið 2025

- Innleiðing nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Innleiðing farsældar um samþættingu á þjónustu við börn í samráði við skólaskrifstofu og félagsþjónustu.
- Samstarfssamningur við MSHA (Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) um skólaþjónustu, áhersla á að efla teymiskennslu og innleiðingu menntastefnu og leiðsagnarnáms.
- Starfssamningur við Heilsu- og sálfræðipjónustuna, þar sem við getum vísað nemendum í vanda í frekari aðstoð.
- Breyttir kennsluhættir í anda teymiskennslu og leiðsagnarnáms.
- Innleiðing Mentorkerfisins verður haldið áfram með innleiðingu hæfnikorta nemenda þar sem haldið verður áfram að setja kennsluáætlanir og námslotur inn í kerfið.
- Áhersla verður áfram á læsi, lestrarsprettir skipulagðir í öllum bekkjum skólans og heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis hjá yngstu nemendum.

- Kennarar og stjórnendur vinni markvisst að innra mati í samræmi við matsáætlun.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun samkvæmt innra matsskýrslu skólans.
- Unnið með Grænánaverkefni samkvæmt áætlun.
- Efla nemendalýðræði og þátttöku nemenda í eigin námi.
- Unnið áfram eftir Uppbyggingarstefnunni.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarnám og meiri samþætting námsgreina.
- Sund- og smíðakennsla verður áfram á Dalvík haust og vor.

Lykiltölur

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Nemendafjöldi	34	40	40	43	35	27
Börn á leikskólaaldri 1-5 ára	11	13	17	18	16	14
Börn á grunnskólaaldri 1-6 bekkur	23	27	25	25	19	13
Barngildi leikskólabarna	15,3	19,1	24,7	24,7	21,8	20
Dvalargildi leikskólabarna	92	92	127	150	107	97
Á virkum biðlista um leikskólalátt	0	0	0	0	0	3
Starfsmannafjöldi	12	12	13	18	17	17
Heildarfjöldi stöðugilda	8,68	9	10,24	10,55	10,5	10,5
Fjöldi stjórnenda	2	2	2	2	2	2
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0,5	0,5	0,5	0,5	0,4	0,4
Fjöldi annarra stöðugilda	2,3	2,3	2,3	8,05	9	9
Heildarstærð húsnæðis	652,4	625,4	625,4	625,4	625,4	625,4
Fjöldi tölva - starfsfólk	8	6	6	6	6	6
Fjöldi tölva - nemendur	10	12	12	12	12	12
Fjöldi spjaldtölva	17	17	17	17	32	25
Frávik frá fjárhagsáætlun			107%	104%	105%	

Framtíðarsýn:

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun verði endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Huga áfram að endurbótum á skólahúsi og leikskólalóð, vinna viðhaldsáætlun í samstarfi við Eigna- og framkvæmdadeild.
- Endurnýja nemendahúsgögn.
- Fyrirhugaðar breytingar á skólastarfi: Skólaárið 2026-2027 verður Árskógarskóli fyrir börn frá 1 árs og upp í 4. bekk grunnskóla. Markvisst samstarf verður veturinn 2025-2026 milli grunnskóla Dalvíkurbyggðar um að nemendur sem eru nú í 4.-6. bekk fari í reglulegar heimsóknir í Dalvíkurskóla og venjist þar með nýju umhverfi og kennurum.